

RÉTT KJARNFÓÐUR

- HAGKVÆMUR KOSTUR



Berglind Ósk Óðinsdóttir

Fóðurfræðingur



Bústólpi

VIÐ LEGGJUM GRUNN AD GÆÐUM

Heysýnin í haust

Niðurstöður af tæplega 500 sýnum

Frá Miðfirði austur í Berufjörð

Það sem helst einkennir niðurstöðurnar í ár

- Mikill breytileiki
- Góður meltanleiki
- Nóg tréni
- Prótein í meðallagi, en svolítið mikill breytileiki
- Fosfór rétt undir viðmiðunargildinu
- Kalí oft frekar lágt

Próteinið er framleiðslu hvetjandi

Prótein	Hvað þýðir þetta!
90-130	Sem betur fer eru ekki mörg sýni sem falla hérna, en þó alltaf einhver.
130-150	Töluvert af sýnum falla hérna, svona í lægra lagi en þó allt í lagi. Mikilvægt að fylgjast vel með úrefninu og próteininu í mjólkinni. Hugsanlega þarf próteinríkara kjarnfóður.
150-170	Þetta er bilið sem við höfum venjulega verið á og meðaltalið nær inná núna. Svo það er töluvert af sýnum hérna líka. Þetta er gott prótein og mjög þægilegt fyrir mjólkurkúr að nýta. Það er nauðsynlegt að komast með fóðurskammtinn hingað ef nýta á bygg á móti kjarnfóðurgjöfinni.
170-220	Þetta er hátt prótein og oftast óþarfi. En fínt að fá inn með til að jafna heildarskammtinn þegar önnur sýni liggja neðar. En þarna er erfitt að eiga við úrefnið hjá gripum sem fá lítið sem ekkert viðbótarfóður.

Hvernig metum við próteinið?

Prótein

- prótein sem mælist í fóðrinu

sCP

- laust prótein, aðgengilegt örverunum

N3H


- ammoníak sem mælist í fóðrinu

PBV

- Próteinjafnvægi í vömb

AAT

- Amínósýrur aðgengilegar í smápörmum



Úrefni í mjólk gefur vísbendingu um próteinfóðrun

Undir 3 þá vantar prótein

3-6 eru viðmiðunargildin

Yfir 6 er of mikið ammoníak í vömb

- Ef úrefnið er yfir 6 og próteinið í mjólkinni er lágt vantar orku til að nýta fóðurpróteinið betur
- Ef úrefnið er yfir 6 og próteinið í mjólkinni er hátt er óþarflega mikið prótein í vömb

Meltanleikinn segir til um nýtingu


Meltanleiki	Hvað þýðir þetta!
75 og þar undir	Slakur meltanleiki og ekki úrvals kúahey
76-77	Sæmilegur meltanleiki og sjaldnast úrvals kúahey, töluvert af sýnum eru hérna.
78-80	Góður meltanleiki og oft úrvals kúahey, flest sýnin eru hérna.
Yfir 80	Mjög góður meltanleiki, úrvals kúahey

Tréni gefur orku og góða vambarstarfsemi

NDF (tréni)	Hvað þýðir þetta!
Undir 450	Lágt tréni, mikill flæðihraði út úr vömb, slakari nýting fóðurs og mjög erfitt að halda góðum efnum í mjólk. Mikið álag á örverurnar í vömbinni.
450-520	Gott tréni, gefur góða vambarstarfsemi, góða nýtingu fóðurs og jafnan flæðihraða agna út úr vömbinni. Örverunum líður vel í vömbinni. Flest sýnin eru hérna. Þegar heildarfóðurskammturinn er skoðaður ætti hann líka að vera hérna. Rétt kjarnfóðurgjöf hjálpar til við að viðhalda skilvirkri örverustarsemi tryggja þannig góða nýtingu trénisins og aðgengi að næringarefnum gróffóðursins.
Yfir 520	Hátt tréni, hægur flæðihraði út úr vömb, minna gróffóðurát og þar með minna aðgengi að næringarefnum. Minni nyt en getur alveg verið ágætis efnainnihald í mjólk

Steinefnin

- Fosfór undir viðmiðunargildum að meðaltali
 - Gripir naga meira allt annað en fóður
 - Rautt þvag
 - Lélegri frjósemi
 - Lélegri vöxtur
 - Lélegri fóðurnyting-minni framleiðsla
- Kalí frekar lágt
 - Mikilvægt fyrir góðan blaðvöxt
- Gott gróffóður eykur framleiðslumöguleika, bæði mjólk og kjöt en eykur á sama tíma þörf á viðbótar steinefnagjöf!




Hver eru markmiðin?

- Aukin nyt?
 - Gróffóðrið er grunnurinn, heysýni?
 - Tíðni gjafa og aðgengi að gróffóðri
 - Nóg prótein, sérstaklega á fyrrihluta mjaltaskeiðs
 - Nóg orka, án þess að sjokkera vömbina
 - Sterkja sem brotnar hægar niður
- Aukin fita í mjólk?
 - Gróffóðrið er grunnurinn
 - Nóg orka
 - Kjarnfóður skammtar séu ekki of stórir
 - Sérstaklega mikilvægt að tryggja góða vambarstarfsemi og passa að álagið á vömbina verði ekki of mikið

Eru einhver vandamál?

- Skita (mjög þunnt á kúnum)
 - Vambarstarfsemin ekki nógu góð
 - Auka gróffóðurát
 - Þurrt gróffóður
 - Meira tréni
 - Sykurrófur
- Klaufa vandamál
 - Umhverfisáhrif eru mikil
 - Súrvömb yfir lengri tíma hefur áhrif
 - Passa vömbina!
 - Meira tréni
 - Sterkja sem brotnar hægar niður




Eru einhver vandamál?

- Úrefnið á að liggja á milli 3.5-6 mmól/l
 - Lág úrefni í mjólk
 - Það vantar prótein í vömbina
 - Haldið aftur af framleiðslu
 - Hátt úrefni í mjólk en prótein í mjólk ekki mjög hátt
 - Nýting á próteini í vömb er ekki góð
 - Það vantar orku á móti, auðleyst sterkja
 - Hátt úrefni í mjólk og prótein í mjólk er líka hátt
 - Það er óþarflega mikið prótein í gróffóðrinu



Eru einhver vandamál?

- Frjálsar fitusýrur
 - Himna yfir fitukúlu rofnar
 - Gerist frekar ef mikil fita í mjólk
 - Athuga meðferð á mjólk frá júgri í tank
 - E vítamín
 - Orkufóðrun á fyrrihluta mjaltaskeiðs



Eru einhver vandamál?

- Súrdoði
 - Orkuskortur
 - Of lítil orka?
 - Súr vömb?
 - Tryggja gott aðgengi að gróffóðri
 - Passa skammtastærðir á kjarnfóðrinu
 - Tryggja örugga en ekki óhóflega uppþröppun á kjarnfóðri
 - Sterkja sem brotnar hægar niður
 - Orkuríkt kjarnfóður




Eru einhver vandamál?

- Frjósemi
 - Orkuskortur/dulin súrdoði
 - Tryggja gott aðgengi að kjarnfóðri
 - Orkuríkt kjarnfóður
 - Sterkja sem brotnar hægar niður
 - Viðbætt fita
 - Nýting próteins í vömb (hátt úrefni)
- Steinefni
 - Fosfór
 - Mangan
 - Zink
 - Kopar
 - Magnesíum og A vítamín svo allt hitt virki!



Val á kjarnfóðri



Kjarnfóður er ekki bara kjarnfóður

- Hrávaran skilgreinir kjarnfóðrið
 - Orkugjafinn: maís, bygg og hveiti
 - Próteingjafinn: soja, repja og fiskimjöl
 - Aðrar hrávörur: sykurrófur, fita
 - Steinefnin: kalk, fosfór og magnesíum, salt, snefilefni og vítamín
-
- Feitar blöndur: Prófit 17 og Prófit 13
 - Maís blöndur með fiskimjöli: Alhliðablanda og Lágpróteinblanda
 - Bæði betra: Skjalda og Búkolla
 - Ódýrari kostur: DK og Róbót



Vöxtur

- Kálfaköggjar með mjólkurgjöf
 - Hátt prótein
 - Fiskimjöl
 - Ekki of mikil auðleyst sterkja
 - Steinefni
- Vaxtarköggjar eftir mjólkina
 - Hátt prótein
 - Fiskimjöl
 - Mismunandi sterkjugjafar
 - Ríkulegt magn steinefna
- Nautaköggjar í lokaeldi
 - Lágprótein
 - Mismunandi sterkjugjafar
 - Orkurík
 - Steinefni



VÖXTUR

NÝ FÓÐURLÍNA FYRIR KÁLFA



Bústólpi

KRAFTBLANDA

Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu



Bústólpi

Sauðfé og kjarnfóður

- Gróffóðrið er grunnurinn
 - Er sauðburðarheyið nógu gott?
 - Er miðsvetrarheyið passlegt? Óffóðrun/vanfóðrun
- Frjósemi
 - Aðeins í bata
 - Steinefnin
- Viðbótarfóður
 - Kjarnfóður með fiskimjöli sem próteingjafa
 - Maís og bygg sem orkugjafi
 - Steinefnablöndur